

# Staða og horfur í ríkisfjármálum

12. júní 2013



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Breyttar forsendur ríkisfjármálaáætlunar

- Breytingar hafa orðið á mörgum megin forsendum ríkisfjármálaáætlunarinnar, sem kynnt var sl. haust, bæði varðandi tekju- og útgjaldahorfur ríkissjóðs og efnahagshorfur almennt:
- 1. Umtalsverð aukning tekna og útgjalda við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins á Alþingi sl. haust.**
    - Hækkun frumtekna og frumgjalda nam rúmlega 13 mia.kr. , aðallega vegna fjárfestingaráætlunarinnar. Nettóáhrif á afkomu ríkissjóðs áttu að vera lítil árið 2013.
    - Útkoman gæti þó orðið mun verri á næstu árum því fjármögnun á auknum útgjöldum byggðist að stórum hluta á óreglulegum tekjum, einkum arðgreiðslum.
  - 2. Nýjar ákvarðanir um útgjöld geta haft mikil áhrif á afkomu ríkissjóðs.**
    - Á síðasta þingi voru samþykkt frumvörp sem hafa að óbreyttu veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs til hins verra miðað við fyrri ríkisfjármálaáætlun.
    - Þá hafa verið kynntar ýmsar nýjar ákvarðanir um verkefni sem leiða til umtalsverðra útgjalda og geta líka raskað ríkisfjármálaáætlun ef ekki er gripið til gagnráðstafana.
    - Í fyrri áætlun voru veikleikar v. aðhaldsráðstafana sem voru lögfestar tímabundið
  - 3. Efnahagshorfur eru lakari en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2013.**
    - Hagvöxtur árið 2012 er metinn mun lakari en gert var ráð fyrir eða 1,6% í stað 2,7%.
    - Í þjóðhagsspá Hagstofunnar frá því í byrjun apríl er einnig gert ráð fyrir minni hagvexti í ár en áður var spáð eða 1,9% í stað 2,5%.




# Lakari horfur í ár en áætlað var í fjárlögum 2013

- **Útlit er fyrir að heildartekjur ríkissjóðs geti orðið allt að 8 mia.kr. lægri en gert er ráð fyrir í fjárlögum 2013.**
  - Tekjuáætlun fyrir árið 2013 hefur verið lækkuð um 4 mia.kr. frá fjárlögum í ljósi lakari þjóðhagsspár Hagstofunnar í apríl sl. og lakari innheimtu á 1. ársfjórðungi ársins en gert var ráð fyrir.
  - Jafnframt er áætlað að arðgreiðslur og söluhagnaður af eignasölu geti orðið um 4 mia.kr. undir áætlunum.
- **Að óbreyttu eru horfur á að útgjöld fari allt að 6 mia.kr. umfram áætlanir.**
  - Stefnir í hallarekstur hjá stofnunum í vissum málaflokkum og horfur eru á umfram-gjöldum í sjúkratryggingum o.fl., samtals um 5 mia.kr. ef ekki verður brugðist við.
  - Nýjar ákvarðanir sem komu fram eftir samþykkt fjárlaga og munu að óbreyttu auka útgjöld ríkissjóðs um 1 mia.kr. Um er að ræða ýmis verkefni og samninga s.s. tannlækningar barna og atvinnuáttak námsmanna sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum.
- **Verði ekki gripið til ráðstafana til að mæta lakari efnahagshorfum og veikleikum í ríkisrekstri það sem af er árinu mun afkoma ríkissjóðs verða 14 mia.kr. verri en fjárlög gera ráð fyrir.**
- **Því til viðbótar er hugsanlegt að afskrifa þurfi fyrirhugað 13 mia.kr. framlag til ÍLS ef ekki rætist úr fjárhagsstöðu sjóðsins.**



# Afkoma ríkissjóðs 2013 að óbreyttu

Mia.kr.




# Endurmat á ríkisfjármálaáætlun fyrir árið 2014

- **Útlit er fyrir að heildartekjur ríkissjóðs geti orðið allt að 13 mia.kr. lægri 2014 en gert er ráð fyrir í ríkisfjármálaáætlun sl. haust.**
  - Horfur eru á að tekjuspá ríkissjóðs fyrir 2014 lækki um 7 mia.kr. í kjölfar þjóðhagsspár Hagstofunnar í apríl sl. og ekki er reiknað með bata í nýrri spá í sumar.
  - Þá má nefna að eftir samþykkt fjárlaga var gerður fríverslunarsamningur við Kína sem gæti lækkað tekjur ríkissjóðs um 2 mia.kr. að óbreyttu.
  - Arðgreiðsluáætlanir gera nú ráð fyrir 4 mia.kr. lægri tekjum á næsta ári.
- **Verði ekki gripið til ráðstafana í ríkisfjármálum geta útgjöld farið um 14 mia.kr. umfram fyrri áætlanir.**
  - Ný lagasetning, samningar og ákvarðanir eftir samþykkt fjárlaga sem gætu að óbreyttu aukið útgjöld ríkissjóðs um allt að 6 mia.kr.
  - Veikleikar hafa komið fram sem geta aukið útgjöld um allt að 7-8 mia.kr. á næsta ári verði ekki gripið til ráðstafana. Þá er litið til þess að ríkissjóður gæti þurft að styrkja stöðu Íbúðalánasjóðs á næsta ári eða í náinni framtíð.
- **Að óbreyttu eru blikur á lofti um að afkoma ríkissjóðs gæti orðið um 27 mia.kr. lakari á næsta ári en áætlað var.**
- **Til viðbótar eru vissir veikleikar í ríkisfjármálaáætluninni á næstu árum, einkum vegna fyrri aðhaldsaðgerða sem voru lögfestar tímabundið**



# Afkoma ríkissjóðs 2014 að óbreyttu

Mia.kr.



# Það er mikið ógert!

- Ríkisfjármálaáætlun stjórnvalda var síðast birt samhliða fjárlagafrumvarpinu 2013 og gerði ráð fyrir 21 mia.kr. halla á greiðsluafkomu ríkissjóðs í ár en 5 mia.kr. afgangi 2014.
- Endurmetnar áætlanir gefa til kynna að útkoman árið 2013 gæti orðið 50 mia.kr. heildarhalli á greiðslugrunni og 22 mia.kr. árið 2014. Á rekstrargrunni gæti hallinn í ár þá orðið um 30 mia.kr. en nálægt 10 mia.kr. árið 2014.
- Engan veginn er því búið að ná afgangi í ríkisrekstrinum og þeirri vegferð verður ekki lokið nema með því að grípa til töluverðra ráðstafana í ríkisfjármálum.
- Ekki verður hjá því komist að stöðva skuldasöfnunina. Ríkissjóður er sá bakhjarl samfélagsins sem verður að hafa burði til að standa af sér áföll og geta staðið undir því að veita grunnþjónustu og velferðarstuðning við þá efnaminni.
- Góð afkoma af ríkisrekstrinum:
  - lykilatriði í viðleitni stjórnvalda til að byggja upp traust fjárfesta og fjármögnunaraðila á efnahagslegri viðreisn landsins
  - forsenda fyrir því að skilyrði skapist fyrir afnámi gjaldeyrishafta á komandi árum
  - dregur úr þrýstingi á vaxtastig á fjármálamarkaði sem hefur hamlandi áhrif á fjárfestingar og framkvæmdir.



# Markmið og leiðir í ríkisfjármálum

- Í ríkisfjármálum leggur ríkisstjórnin ríka áherslu á tvennt, annars vegar að auka fjárfestingu og örva hagvöxt, en hins vegar að standa vörð um stöðu ríkissjóðs og snúa halla á starfsemi ríkissjóðs í afgang.
- Verkefnið framundan er að grípa til aðgerða sem vinna að báðum markmiðum ríkisstjórnarinnar: Að styðja við hagvöxt en á sama tíma ná markmiðum um afgang í ríkisfjármálum og lækkun skulda ríkissjóðs.
- Þetta tvennt getur og verður að fara saman því tekjuöflun ríkissjóðs mun ekki verða nægilega burðug fyrr en hún verður borin uppi af traustum hagvexti og þróttmiklu atvinnulífi.

